Reiðveganefnd landsþings LH 2026

3 Tillögur liggja fyrir nefndinni

Þingskjal nr. 5

Flytjandi Hestamannafélagið Sörli

Lagt fyrir reiðveganefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, samþykkir að reiðveganefndir landssvæða skulu móta 5 ára áætlun um uppbyggingu og viðhald reiðvega á sínu svæði og skila til Umhverfis- og samgöngunefndar LH. Skal sú áætlun uppfærð ár hvert eftir því sem við á. Á grundvelli þeirra áætlana sækja reiðveganefndir landsvæða svo sameiginlega um reiðvegafé til Umhverfis- og samgöngunefndar LH.

Niðurstaða nefndarinnar:

Umræður líflegar en flestir hneigjast að því að tillögunni verði vísað frá, upplýsingar komu fram um söfnun fjármuna í fortíðinni áhugaverðar og herst reglur eða eftirfylgni reglna um reikninga og sannarlega framkvæmdir séu raunverulegar en ekki skila inn óframkvæmdum.

Fólk er ekki tilbúið að fara í gerð nýrra áætlana, nóg sé núverandi fyrirkomulag sem er 4 ára áætlun.

Vantar virkt samtal hestamannafélaganna áður en reiðveganefnd LH deilir út fé og síðan svæðisnefndirnar, ferðaleiðirnar þurfi að vera meira samráð svo fé nýtist betur.

Nefndin leggur til að tillögunni verði hafnað.

Rökstuðningurinn er að nú þegar er í reglum 4 ára áætlunum og ákveðnum reglum vegagerðarinnar og ekki vilji til að auka álag og flækjustig.

Reiðveganefndir innan svæða þurfi að vinna nánar saman að hvernig féð deilist og hver hafi forgang frá ári til árs.

Þingskjal nr. 6

Flytjandi Hestamannafélagið Sleipnir

Lagt fyrir reiðveganefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á stjórnvöld, sveitarfélög, Vegagerð og aðra þá sem koma að skipulagi og uppbyggingu samgöngu-mannvirkja og að setja öryggi hestamanna í forgang og tyggja að útreiðaleiðir séu hluti af heildstæðri samgöngu- og skipulagsáætlunum framtíðarinnar.

Hrafnkell formaður reiðveganendar Sleipnis gerir grein fyrir forsögu máls og hver er upptakturinn að tillögunni. Bygging Ölfusárbrúar og fleiri framkvæmdir og þrengsli að reiðleiðum og hestamennsku á svæði Sleipnis.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingskjal nr. 7

Flytjandi Hestamannafélagið Geysir

Lagt fyrir reiðveganefnd

Tillaga
65. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Hveragerði 30. og 31. október 2026, skorar á
stjórn LH að setja í réttan farveg málefni um öryggi hestamanna meðfram þjóðvegum landsins og verði ávallt vakandi fyrir bættum og öruggari reiðleiðum fyrir hestamenn.
Kristín formaður reiðveganefndar Geysis gerir grein fyrir tillögunni og forsögu.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Þingfundur reiðveganefndar á ársþingi LH 2026 ályktar:

Þingfundur reiðveganefndar skorar á reiðveganefnd LH og formenn svæðisráða að vera í ítarlegu og virku samtali við formenn reiðveganefnda á hverju svæði fyrir sig um skiptingu og forgangsröðun framkvæmda og fjár.

Þetta sé unnið með tilliti til þeirra áætlana sem fyrir liggja hverju sinni.

Þannig megi ráðstafa hærri fjármunum til þeirra félaga sem standa í stærri framkvæmdum á hverjum tíma í samvinnu sín á milli.

Þingfundur reiðveganefndar ályktar einnig að úthlutun ríkisins til reiðvega sé ófullnægjandi, er á föstu verðlagi og rýrnar þar af leiðandi árlega.

Fh þingfundarins

Einar Ásgeir Sæmundsen formaður